



315. Stjórnarfundur haldinn 14. ágúst 2008 kl:17:05
Mættir: Einar, Birgir, Sveinn, Guðjón og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá UMFÍ v/ frjálsíþróttaskóla, tölvupóstur frá HSV v/ framlags í umhverfissjóð UMFÍ Pálma Gíslasonar, bréf frá Lögreglunni á Suðurnesjum svar við bréfi v/ 17. júní 2008 og Skinfaxi.

3. Send bréf.

Engin

4. 11. unglingslandsmót UMFÍ.

Glæsilegt mót og 45 keppendur frá Keflavík sem er tvöföldun frá fyrra móti.

5. 17.júní 2008.

Allt gekk vel og er búið að skila skýrslu til menningarráðs RNB. Uppgjör hefur farið fram og eru allir sáttir við hvernig til tókst.

6.Íþrótt- og leikjaskóli.

Skólinn gekk vel. Hefði vilja sjá fleiri börn í skólanum en þau voru 143. Þátttaka í skólanum á fyrra námskeiðinu 115 börn. Þ.e. 48 börn fyrir hádegi og 67 börn eftir hádegi. Á seinna námskeiðinu einungis 7 börn skráð fyrir hádegi og 21 skráð eftir hádegi eða 28 börn í heildina. Á seinna námskeiðinu urðu þær breytingar á að þau börn sem voru fyrir hádegi færðust eftir hádegi eftir fyrstu vikuna vegna óska frá foreldrum og börnum. Fullt af myndum ca. 800 voru teknar og settar inn á heimasíðu okkar Skýrsla tilbúinn og verður skilað á fundi TÍ 21. ágúst 2008.

7. Málefni körfuknattleiksdeildar.

Umræður um stöðu mála deildarinnar. Ákveðið að boða stjórn körfuknattleiksdeildar til fundar við aðalstjórn mánudaginn 18. ágúst 2008 í félagsheimili Keflavíkur.

8. Önnur mál.

Framkvæmdastjóri sagði frá fyrir huguðum breytingum á frístundarskólanum, fundi varðandi Hvatagreiðslur og væntanlegum tímaúthlutunum í íþróttamannvirkjum RNB fyrir næsta tímabil.

Næsti stjórnarfundur 28. ágúst 2008.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:20
Fundinn ritaði BI



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag, fyrirmyndarfélag ÍSÍ

